

# Allir starfsmenn Geðhjálpar hættir



**Hrannar Jónsson**, formaður Geðhjálpar, segir mikla stefnumótun og breytingar í gangi innan félagsins. Mynd/Hari

Allt starfsfólk Geðhjálpar hefur ýmist verið rekið eða það sjálft sagt upp. Þegar er búið að auglýsa eftir nýjum framkvæmdastjóra og á fjórða tug hafa sótt um. Félagið skuldaði tæpar 50 milljónir og seldi því nýverið húsnæði sitt við Túngötu. Mötuneyti Geðhjálpar verður lokað en allt að fimmtán manns sóttu það daglega.



Mötuneytið verður lagt niður og starfsfólki þess þar með sagt upp.

**F**rá árinu 2000 hefur árlega verið um 3,2 milljóna króna halli á rekstri Geðhjálpar sem hefur verið of stór í sniðum miðað við fjárframlög. „Síðustu árin hefur Geðhjálp ekki fundið röðdina sína nógu skýrt,“ segir Hrannar Jónsson, stjórnarformaður Geðhjálpar. Mikil endurnýjun var í stjórn Geðhjálpar sem kjörin var í vor og tók Hrannar þá við af Björtu Ólafsdóttur, núverandi þingmanni Bjartrar framtíðar. „Það hefur lengi staðið til að gera eitthvað róttækt og jafnvel selja húsið,“ segir hann. Það varð ofan á og nýverið seldi Geðhjálp húsnæði félagsins að Túngötu til að geta greitt skuldir en Geðhjálp skuldaði 39 milljónir í langtímaskuldir og um 10 milljónir í skammtímaskuldir. Asett verð á eignina við Túngötu 7, sem er um 560 fermetrar, var 165 milljónir en Hrannar staðfestir að kaupverð hafi verið enn hærra. „Við erum mjög ánægð með söliverðið. Nú getum við borgað upp skuldir félagsins og sett peninga í sjóði sem verður úthlutað út til málefna tengdri geðhjálp,“ segir hann. Eignarhaldsfélagið Potter keypti húsið en óvist er hvers konar starfsemi mun þar fara fram. Geðhjálp verður hins vegar í húsinu einhverja mánuði til viðbótar.

Að undanförunu hafa 3,4 stöðugildi verið hjá Geðhjálp; starf framkvæmdastjóra, ráðgjafa, ráðskonu í eldhús og tveggja aðstoðarmanna í eldhúsi. Önnur stóra breytingin á starfsemi félagsins er að mötuneytið verður lagt niður og

starfsfólki þess þar með sagt upp. Í mötuneytið hefur fólk með geðraskanir getað komið í hádeginu og fengið heitan mat á vægu verði. Daglega sóttu mötuneytið um 10-15 manns. „Þetta var orðinn fámennur hópur og við komumst að þeirri niðurstöðu að aðrir sinni þessu hvort eð er betur,“ segir Hrannar og á þar við Vin, athvarf fyrir fólk með geðraskanir sem rekið er af Rauða krossinum við Hverfisgötu í Reykjavík.

Meirihluti var fyrri því innan nýrrar stjórnar að segja upp framkvæmdastjóra félagsins samhliða þessum miklu breytingum. Sálfræðingur sem sinnti hlutverki ráðgjafa á Geðhjálp sagði sjálfur upp störfum í framhaldinu. Þegar hefur verið auglýst eftir bæði framkvæmdastjóra og ráðgjafa. Umsóknarfrestur rann út á miðvikudag. Um miðjan daginn höfðu 35 umsóknir um starf framkvæmdastjóra borist og 29 um starf ráðgjafa en reiknað er með að einhverjar eigi eftir að berast í hús.

Á næstu vikum og mánuðum heldur stefnumótunarvinna innan Geðhjálpar áfram. Þá er verið að leita að nýju húsnæði en Hrannar segir líklegast að félagið leigi frekar en kaupi. „Við einbeitum okkur síðan að hagsmunabaráttu og réttindamálum. Margir leita til okkar og vilja fá leiðsögn um réttindi sín,“ segir hann.

Erla Hlynsdóttir

[erlag@frettatiminn.is](mailto:erlag@frettatiminn.is)